

Ed.

186. Breytingartillaga

[111. mál]

við frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

2. gr. orðist svo:

Verði heimild til greiðslu útflutningsbóta skv. 12 gr. laga nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., eigi fullnýtt, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til lækkunar láns skv. 1. gr. upphæð þá sem á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð. Þó skal Byggðasjóður greiða á næstu 3—5 árum allt að helmingi lánsins. Að öðru leyti annast ríkissjóður afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu.